

Nr. 007 / 16 Sævar***Slys við landfestar***

Skipaskr.nr. 2378 IMO nr. 9207950
 Smíðaður: Stáltak 1999, stál
 Stærð: 127,18 brl. 149 bt
 Mesta lengd: 22,7 m Skráð lengd: 20,4 m
 Breidd: 6,70 m Dýpt: 3,70 m
 Vél: Cummins, 596 kw, 1999
 Áhöfn: 2



Sævar©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. febrúar 2016 var Hríseyjarferjan Sævar að koma að bryggju á Árskógsandi. Veður: A 25 m/sek.

Vegna veðurhæðar gekk illa að koma skipinu að bryggju og skipverja tókst ekki að „snara“ landfestartógi á bryggjupolla eins og venja var. Væntanlegur farþegi, sem var þarna staddur, var beðinn að taka við tóginu og koma því á pollann. Þegar maðurinn var að setja tógið á pollann tók vindhviða skipið frá bryggjunni og við það strektist á tóginu með þeim afleiðingum að hendingin á honum varð á milli. Maðurinn missti framan af tveimur fingrum hægri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að tveir menn voru í áhöfn ferjunnar skipstjóri og vélstjóri. Vélstjóri sá um að koma landfestartógi, sem var 38 mm nylontóg, á bryggjupollann með því að snara hann frá skipinu. Landfestartóg var aðeins sett upp miðskips við þessar aðstæður (*sjá mynd*);
- að hliðarskrúfan var búin að vera ónothæf allt frá því skipið var tekið í notkun. Skipstjórnarmenn höfðu ítrekað óskað eftir lagfæringu á henni en skipstjóri taldi að hún hefði getað skipt sköpum við þessar aðstæður ef hún hefði verið í lagi;
- að eftir þetta atvik stóð til að bógskrúfan yrði lagfærð.



Bryggjupollinn og landfestartógið

Nefndarálit:

Orsök slyssins er vanbúið skip við þessar aðstæður.

Nefndin telur það vanrækslu útgerðar að farþegaskip með fáa í áhöfn skuli ekki vera með mikilvægan siglingabúnað í lagi til að tryggja öryggi þess og farþega.